

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfissráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. desember 1992

Nr. 434

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði á Kollaleiru, Reyðarfjarðarhreppi. Mörk svæðisins að norðan er Búðareyri og Nesbraut að sunnan. Lóðir beggja vegna við Tjarnarvog til vesturs og að austurmörkum lóðar nr. 15 við Búðareyri til austurs.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfissráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. desember 1992

Nr. 435

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980 – 2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. desember 1992 staðfest breytingar á aðalskipulagi Akraness, sem staðfest var 3. maí 1982.

Breytingin er fölginn í því að:

- landnotkun á miðbæjarsvæði (Akratorgsreitur) sem afmarkast af Merkigerði, Kirkjubraut, Skagabraut, Suðurgötu, Merkurteig og Vesturgötu breytist þannig að verslun og þjónusta verði fyrst og fremst við Kirkjubraut og Skólabraut, og ennfremur er gert ráð fyrir að grænt svæði við Merkurteig verði aðaltorg bæjarins.
- landnotkun á svæði sem afmarkast af Faxabraut, Garðabraut, Höfðabraut (Skarð) og Jaðarsbraut breytist á þann veg að syðri hluti þess sem í gildandi aðalskipulagi er auðkennt fyrir stofnanir verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Akraness.

Umhverfissráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.